

REGLUGJÖRD

um

gjöld til holræsa og gangstjetta í Siglufjarðarkaupstað.

64

2. septbr.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórnin hefir lagt holræsi í götur á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji alt skólþ frá húsi hans út í göturæsið. Skulu þau ræsi ekki vera lakari að gerð en göturæsin og gerð undir umsjón og fyrirsögn holræsanefndar eða þess manns, sem hún og bæjarstjórnin fela umsjónina. Vanræki nokkur að gera þetta innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórnin setur, getur bæjarstjórnin látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðarhöfum. Lóðarhafar skulu greiða:

a) 3% í eitt skifti fyrir öll, af skattvirðingarverði húseigna, sem standa á lóðum þeirra. Sama gjald skal greiða af húsum þeim, er síðar verða bygð við götu, sem holræsi er þegar lagt í, og sje eldra hús rífið niður, greiðist gjaldið af mismun virðingarverðs húsanna.

b) 1 króna í eitt skifti fyrir öll fyrir hvern meter af lengd lóðar þeirrar meðfram götu, þó því aðeins, að lóðin nái fram að götu. Gjaldið greiðist þegar búið er að gera holræsi í þá götu, sem lóðin telst til.

Húseignir og lóðir, er liggja við þær götur, sem holræsin hafa verið lögð í, áður en reglugjörð þessi öðlast gildi, skulu einnig vera gjaldskyldar eftir þessari grein, ef eigendurnir hafa eigi áður greitt neitt gjald í þessu skyni. Ofanrituð gjöld mega þó aldrei nema meiru en gjöldum þeim, sem heimilt er að leggja á samkvæmt 94. gr. vatnalaganna.

3. gr.

Steinlímdar hellulagðar gangstjettir skulu kostaðar sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af þeim, sem lóðarrjett hafa að götum þeim megin, sem gangstjett liggur. Kostnaði þeim, sem lóðarhöfum ber að greiða, — sem er $\frac{2}{3}$ af því sem stjettarhellur og brúnasteinar kosta — skal jafnað niður eftir lengd lóðarinnar meðfram götunni.

4. gr.

Fyrir öllum kröfum, sem bæjarstjórnin öðlast á hendur húseigendum og lóðarhöfum, samkvæmt framanskráðum greinum, hefir

64 bæjarstjórnin lögveð í húsinu eða lóðinni næstu tvö ár eftir gjald-
2. septbr. daga og gengur sá veðrjettur fyrir öllum veðskuldum eftir samningi.

5. gr.

Lögtaksrjettur fylgir öllum kröfum samkvæmt reglugjörð þessari.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. okt. þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. sept. 1927.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

65

3. septbr.

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á hafnarreglugjörð Siglufjarðarkaupstaðar 9. maí 1922 og reglugjörð um viðauka við sömu reglugjörð frá 12. apríl 1926.

1. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Siglufirði og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári 50 aura fyrir hverja smálest.
- b. Innland fiskiskip greiði 10 aura fyrir hverja smálest í hvert skifti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, nema herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemda, er sannast í sjóprófi, sem haldið er, skulu greiða 20 aura í lestargjald fyrir hverja smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar. Þó er hafnarnefnd heimilt að lækka gjald þetta eða fella burtu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.
- d. Af íslenskum geymsluskrokkum og veiðiskipum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. síldarsöltun, og bræðsluskipum, skal gjalda auka-